

A 1878/presidiet

Afgreiðsla Forsætisnefndin

Nefndarálit forsætisnefndarinnar um

**Þingmannatillögu
um áætlun um skiptinám fyrir námsmenn frá Hvíta-Rússlandi**

Tillaga

Forsætisnefnd leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að leggja drög að áætlun um skiptinám fyrir námsmenn frá Hvíta-Rússlandi fyrir árin 2023–26;

að skipuleggja framkvæmd áætlunarinnar í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina.

Bakgrunnsupplýsingar

Landsdeild Finnlands í Norðurlandaráði leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún leggi drög að áætlun um skiptinám fyrir námsmenn frá Hvíta-Rússlandi fyrir árin 2022–25;

að Norræna ráðherranefndin ráðstafi fjármunum í fjárhagsáætlun sinni til þessarar nýju skiptinámsáætlunar.

Landsdeild Finnlands í Norðurlandaráði leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna á Norðurlöndum

að skipuleggja framkvæmd áætlunarinnar í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina.

Þingmannatillöguna í heild sinni má finna hér:

<http://www.norden.org/is/nordurlandarad/mal-og-skjoel/a-1758-holdbart>

Umfjöllun í Norrænu þekkingar- og menningarnefndinni

Þekkingar- og menningarnefndin fjallaði um umsögn forsætisnefndar um A 1878/presidiet: Þingmannatillaga um áætlun um skiptinám fyrir námsmenn frá Hvíta-Rússlandi á fundinum í september:



Nefndin var sammála um að styðja tillöguna. Nefndin lagði áherslu á þau sterku skilaboð sem fælust í að koma á fót skiptiáætlun fyrir námsmenn og það jákvæða við að hvítrússneskum námsmönnum gæfist tækifæri til að stunda nám í norrænu ríki. Slík áætlun gæti haft jákvæð áhrif á þróun lýðræðis og á aukin vináttutengsl Norðurlanda og Hvíta-Rússlands.

Norræn vinstri græn studdu tillöguna en bentu á að hafa yrdi í huga að Hvíta-Rússland væri ekki eina einræðisríkið í heiminum og að dæmi mætti finna um að slík ríki stýrðu og hefðu eftirlit með hvaða námsmenn fengju að stunda nám í öðru ríki.

Norrænt frelsi studdi tillöguna en taldi að leysa þyrfti úr mörgum álitafnum varðandi fjármögnun og fyrirkomulag.

Flokkahópur hægrimanna studdi tillöguna en setti spurningamerki við hvar ætti að sækja fjármagn í áætlunina í ljósi niðurskurðar á sviði menntamála.

Álit forsætisnefndar

Tillagan er mikilvæg og aðkallandi og Norræna ráðherranefndin hefur nauðsynlega reynslu og þekkingu til að hrinda áætluninni í framkvæmd ef fjármagn fæst.

Stefna Norðurlandaráðs í alþjóðamálum 2018-2022 kveður á um að Norðurlöndin, þvert á lönd og flokkspólitískar línur, einkennist af djúpstæðri virðingu fyrir lýðræði, réttarríki, jafnræði og mannréttindum. Stefnan staðfestir enn fremur að Norðurlöndin geta látið til sín taka í heiminum með því að tala ávallt skýrri röddu sem stendur vörð um þessi gildi. Stuðningur við námsmenn frá Hvíta-Rússlandi er bein aðgerð sem um leið sendir skýr skilaboð til íbúa og borgaralegs samfélags í Hvíta-Rússlandi um að þau séu ekki gleymd.

Forsætisnefnd er sammála þeim sjónarmiðum sem fram komu í umsagnarferlinu í Norrænu þekkingar- og menningarnefndinni. Innleiðing skiptiáætlunar fyrir námsmenn frá Hvíta-Rússlandi mun krefjast verulegra fjárveitinga sem sennilega er ekki að finna innan núverandi fjárhagsramma Norrænu ráðherranefndarinnar. Því er lagt til að tillögunni verði beint til *ríkisstjórnna Norðurlanda* í staðinn fyrir Norrænu ráðherranefndarinnar. Auk þess er lagt til að áætlunin hefjist árið 2023 þar sem ekki er raunhæft að hefja hana árið 2022 vegna afgreiðslutímans hjá Norðurlandaráði og af hálfu ríkisstjórnanna.

Norðurlöndum, 14. desember 2021

Annette Lind (S)

Bertel Haarder (V)

Christian Juhl (EL)

Erkki Tuomioja (sd)

Gunilla Carlsson (S)

Hanna Katrín Friðriksson (Vr)

Hans Wallmark (M)

Jorodd Asphjell (A)

Jouni Ovaska (cent)

Linda Modig (C)

Lorena Delgado Varas (V)

Lulu Ranne (saf)

Oddný G. Harðardóttir (Sf)

Wille Rydman (saml)